

Alþingi  
Alþingi nr. P 121/2001  
komudagur 5.5.1997



Allsherjarnefnd Alþingis  
Frú Sólveig Pétursdóttir, formaður  
Þórshamri  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. maí 1997

**Efni: Frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.**

Stjórn Lögmannafélags Íslands barst nýlega í hendur nefndarálit meiri hluta allsherjarnefndar um framangreint frumvarp. Í nefndarálitinu kemur m.a. fram að meiri hlutinn leggur til að gerðar verði breytingar á 2. gr. frumvarpsins þannig að eitt af skilyrðum þess að maður geti fengið löggildingu sem fasteignasali verði að hann hafi haft forræði á búi sínu í 10 ár í stað 2ja ára, eins og upphaflega var ráðgert í frumvarpinu. Í nefndarálitinu er vísað til laga nr. 61/1942, um málflytjendur, en í þeim lögum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 24/1995, er það eitt af skilyrðum þess að fá útgefið málflytningisleyfi að umsækjandi hafi haft forræði á búi sínu undanfárin tvö ár. Kveður meiri hluti allsherjarnefndar það ljóst að kröfur að þessu leyti verði hertar þegar lög um lögmennt verða endurskoðuð og að lenging þessa tímabils sé í samræmi við almenna þróun laga hérlandis, sbr. ný lög um endurskoðendur og lög um sölu notaðra ökutækja. Þá bendir meiri hlutinn á að nokkurt misræmi sé milli stétta í þessu sambandi og hvetur til þess að reglur verði samræmdar.

Þar sem þessi tillaga að breytingu á 2. gr. frumvarpsins var ekki í því þegar það var sent L.M.F.Í. til umsagnar og þar sem sérstaklega er vísað til endurskoðunar á lögum um lögmennt vill stjórn L.M.F.Í. koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Í frumvarpi til laga um lögmennt, sem dómsmálaráðherra mælti nýlega fyrir á Alþingi, er gert ráð fyrir því sem skilyrði þess að hljóta málflytningisleyfi að umsækjandi hafi aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Gert er ráð fyrir því að vikja megi frá þessu skilyrði ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu a.m.k. þrjú undanfárin ár, mæli Lögmannaráð með því. Ákvæði sem þetta var tekið nánast óbreytt upp úr lögmannafrumvarpinu í frv. til laga um endurskoðendur, sem nú hefur verið samþykkt sem lög frá Alþingi.

Hugmyndin að baki þessu ákvæði er sú að rétt sé að nokkur tími líði frá því búskiptum lýkur og þar til maður getur farið að stunda þau störf, sem viðkomandi starfsleyfi veitir rétt til, í ljósi þess að við lok búskipta eru oft áhvílandi kröfur, sem ekki hefur tekist að greiða. Álitamál kann að vera hversu langur tími eigi að líða frá búskiptum.

Að mati stjórnar L.M.F.Í. felur ákvæðið, eins og það nú hljómar, bæði í frv. til laga um lögmennt og lögum um endurskoðendur, og eins í frv. til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu (10 ár), í sér þungan áfellingisdóm yfir þeim, sem lent hafa í þeirri aðstöðu að verða úrskurðaðir gjaldþrota. Ákvæðin eru nánast eins og refsing gagnvart viðkomandi


einstaklingum. Hafa verður í huga í þessu sambandi að það er í sjálfu sér ekki refsivert að vera úrskurðaður gjaldþrota og að mjög misjafnar ástæður liggja að baki gjaldþrotaskiptum.

Þau sjónarmið hafa verið færð fram, til stuðnings þeirri lagareglu sem hér er gerð að umtalsefni, að með henni sé verið að vernda hagsmuni viðskiptamanna viðkomandi leyfishafa í þeim starfsgreinum, þar sem leyfishafar kunna að sýsla með fjármuni viðskiptamannanna. Sams konar sjónarmið eiga þá væntanlega við um þær starfsstéttir, sem sýsla með fjármuni ríkissjóðs (staðgreidd opinber gjöld, virðisaukaskattur) og fjármuni starfsmanna sinna (lífeyrissjóðsiðgjöld). Út frá jafnræðissjónarmiðum mætti halda því fram að allar starfsstéttir, sem starfa á grundvelli opinberra leyfa og/eða sýsla með fjármuni annarra (viðskiptamanna, ríkissjóðs, starfsmanna), þyrftu að sæta því að hafa aldrei orðið gjaldþrota til þess að hljóta starfsleyfi.

Stjórn Lögmannafélags Íslands leyfir sér að vara við mótun slíkrar löggjafarstefnu nema ítarleg umræða hafi farið fram um hana á Alþingi.

Þar sem búið er að afgreiða mál þetta frá allsherjarnefnd telur stjórn L.M.F.Í. rétt að kynna framangreindar athugasemdir þingmönnum öllum. Þess vegna er afrit bréfs þessa sent forseta Alþingis og þingflokksformönnum.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar L.M.F.Í.



Marteinn Másson, framkv.stj.